

Nr. 20-111 S 076 Bárður SH 81***Skipverji slasast við fall***

Skipaskr.nr. 2965
IMO 9861005
Útgerð: Bárður SH 81 ehf.
Smíðaður: Danmörk, 2019, trefjaplast.
Stærð: 153 bt
Mesta lengd: 26,93 m Skráð lengd: 23,60 m
Breidd: 7,0 m Dýpt: 3,3 m
Vél: MAN 2018, 662 kW
Fjöldi skipverja: 6



Bárður©Hafþór Hreiðarson

Gögn:
Gögn RNSA

Málið afgreitt á fundi 26. febrúar 2021 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 10. janúar 2020 var Bárður SH 81 á netaveiðum á Breiðafirði. Veður: A 19-20 m/s.

Í miklum veltingi rann einn skipverjinn til og lenti á bakinu á þilfari bátsins.

Við rannsókn kom fram:

- að skipverjinn tagnaði á baki og átti erfitt með gang fyrst eftir fallið en jafnaði sig á nokkrum vikum;
- að skipverjinn rann til í snjó við endann á netaborði þar sem mishæð var í þilfarinu;
- að báturinn var nýr og nýlega byrjaður á veiðum en ekki var búið að klára að setja göngugrindur við netaborðið sem gert var nokkrum dögum síðar.

Nefndarálit:

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.